



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 22/2022

Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Fiskikóningsins ehf. að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar á vefsíðunni heitirpottar.is

I.

Málsmeðferð

Með bréfi, dags. 24. janúar 2022, upplýsti Neytendastofa Fiskikónginn ehf. um ábendingu sem stofnuninni hafði borist vegna skorts á verðupplýsingum á vefsíðunni heitirpottar.is, sem rekin er af Fiskikóngnum ehf. Í bréfinu voru reifuð ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt ákvæðum reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Í bréfinu beindi Neytendastofa þeim tilmælum til Fiskikóningsins að gæta þess að fara að þeim lögum og reglum er gilda um verðmerkingar. Þá var tekið fram að verði ekki farið að tilmælum stofnunarinnar megi búast við að stofnunin grípi til frekari aðgerða á grundvelli laga nr. 57/2005.

Með bréfi, 27. apríl 2022, tilkynnti Neytendastofu félaginu um að við skoðun á vefsíðu félagsins hafi komið í ljós að ekki hafi verið brugðist við tilmælum stofnunarinnar og enn sé engar verðupplýsingar að finna á vefsíðunni og allir auglýstir vöruliðir séu án verðupplýsinga. Stofnunin ítreki að samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglna nr. 536/2011 beri að tilgreina endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld, við auglýstar vörur á vefsíðum söluaðila. Telji stofnunin að ákvæði 1. mgr. 8. gr., 2. mgr. 9. gr., f. liðar 1. mgr. 10. gr. og 17. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, og ákvæði 1. og 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011 eigi við um málið.

Með vísan til alls framangreinds beini Neytendastofa þeim fyrirmælum til Fiskikóningsins að koma verðmerkingum á vefsíðu félagsins, heitirpottar.is, í viðunandi horf innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfsins. Að þeim tíma liðnum megi búast við að tekin verði ákvörðun um sektir. Óski félagið eftir að koma að skýringum eða athugasemdum þurfi þær að berast stofnuninni innan þess tíma.

Ekkert svar barst við bréfinu.



Með bréfi, dags. 1. júlí 2022, tilkynnti Neytendastofa Fiskikóngnum að við skoðun stofnunarinnar á vefsíðu félagsins hafi komið í ljós að ráðist hafi verið í ákveðnar lagfæringar á heimasíðu félagsins en búið var að bæta við verðupplýsingum við vörur á hluta þeirra undirsíðna vefsíðu félagsins sem skoðun Neytendastofu laut að. Ekki hafi hins vegar verið brugðist við fyrirmælum stofnunarinnar að öllu leyti og enn séu engar verðupplýsingar að finna á ákveðnum svæðum vefsíðunnar þar sem vörur séu auglýstar, þ.e. á yfirlitssíðum þar sem allar vörur félagsins í viðkomandi flokki séu auglýstar ásamt því að ekki er að finna fullnægjandi verðupplýsingar við þær vörur sem hægt er að velja mismunandi útgáfur af heldur einvörðungu „verð frá“. Stofnunin ítreki að samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglna nr. 536/2011 beri að tilgreina endanlegt verð, þ.m.t., virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld, við auglýstar vörur á vefsíðum söluaðila, þ. á m. á yfirlitssíðum yfir allar vörur. Þá sé ekki að finna verðupplýsingar við einstaka vöruliði þar sem áður hafi verið gefið upp „verð frá“.

Í bréfinu beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til Fiskikóningsins að koma verðmerkingum á vefsíðu félagsins í viðunandi horf innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfsins. Að þeim tíma liðnum mætti félagið búast við að tekin verði ákvörðun um sektir.

Ekkert svar barst við bréfinu og var efni þess enn á ný ítrekað með bréfi, dags. 2. september 2022. Í því bréfi var félaginu gefinn tveggja vikna lokafrestur, frá dagsetningu bréfsins, til að koma verðmerkingum á vefsíðu félagsins í viðunandi horf, ella megi búast við að ákvörðun um sektir verði tekin.

Ekkert svar barst við bréfinu og skoðun á vefsíðunni þann 6. desember 2022 leiddi í ljós að enn skorti verðmerkingar á yfirlitssíðum.

II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Fiskikóngurinn ehf. ekki sinnt ítrekuðum fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum á vefsíðu fyrirtækisins, heitirpottar.is, í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Í 1. mgr. 10 gr. laganna er fjallað um hvaða upplýsingar eigi að koma fram í auglýsingum og öðrum sambærilegum viðskiptaaðferðum. Ákvæðið tekur til markaðssetningar í víðum skilningi og á því jafnframt



við um vefsíður. Þá segir í ákvæði f. liðar 1. mgr. 10. gr. að veita verði upplýsingar um endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 3. mgr. 3. gr. reglnanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

[...]

Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“

2.

Fiskikóngurinn ehf. hefur brotið gegn ákvæðum f. liðar 1. mgr. 10. gr. og 17. gr., sbr. 5. gr. og 1. mgr. 8. gr., laga nr. 57/2005 og ákvæðum 1. og 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, með ófullnægjandi upplýsingagjöf um verð á vefsíðu félagsins, heitirpottar.is.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Fiskikóningsins að koma verðupplýsingum á vefsíðu sinni, heitirpottar.is, í rétt horf innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Með vísan til alls framangreinds og þar sem félagið fór hvorki að tilmælum Neytendastofu sem sett voru fram í bréfi, dags. 24. janúar 2022, né ítrekuðum fyrirmælum sem sett voru fram í seinni bréfum, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga, með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum og þar sem félagið lagfærði að hluta til þá vankanta á verðmerkingum sem Neytendastofa tiltók undir meðferð málsins, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Fiskikónginn stjórnvaldssekt að fjárhæð



50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur), sbr. c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005. Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III. Ákvörðunarorð:

„Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabæ, hefur með ófullnægjandi upplýsingagjöf um verð á vefsíðu sinni, heitirpottar.is, brotið gegn ákvæðum f. lið 1. mgr. 10. gr. og 17. gr., sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum 1. og 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Þá hefur félagið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Fiskikóningsins ehf. að koma verðupplýsingum á vefsíðu sinni, heitirpottar.is, í rétt horf innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Með heimild í c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Fiskikónginn ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 6. desember 2022

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir